

Bjarni Harðar. ræðst á þjóðaratkvæðið

Smáfuglarnir hafa upplýst lesendur sína reglulega um raunir Bjarna Harðarsonar. Hann var nýlega í Eþíópíu og varð að bera reiðhjól á bakinu um langan veg, án þess að fá vott né þurrt. Ekki vildi hann þiggja landa hjá bændum vegna bindindissemi og ótta við tréspíritus. Þessar raunir Bjarna eru þó hreinir smámunir miðað við hina óbærilegu þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave, sem hann lýsir svo í Morgunblaðinu 10. mars:

„Fíflalegustu kosningum Íslandssögunnar er nú lokið með niðurstöðum sem engum koma á óvart og engu munu breyta. Allar hugmyndir um að heimsbyggðin hafi staðið á öndinni yfir kosningum þessum eru hluti af þeirri íslensku mikilmennskubrjálsemi sem hefur leitt þjóð þessa í marga ófærana.“

Smáfuglarnir þurfa ekki að minna lesendur sína á, að Bjarni var hlynrtur Icesave-lögunum og taldi það Íslandi helst til bjargar, að greiða Bretum og Hollendingum allt, sem þeir hafa krafist. Söknuður hans vegna brotthvarfs laganna brýst fram í reiði í Morgunblaðsgreininni. Smáfuglarnir eru vissir um, að Bjarni hafi ekki flutt boðskap um slíka undirgefni við fyrrverandi nýlenduþjóðir á ferð sinni um Afríku. Þá er víst, að bændur hefðu ekki leyft honum að halda áfram göngu sinni með reiðhjólið á bakinu.

Grein Bjarna í Morgunblaðinu og mat hans á viðhorfi heimbyggðarinnar bendir til þess, að hann hafi hreyft málinu við þá, sem hann hitti á för sinni með reiðhjólið, en ekki fengið miklar undirtektir. Kannski hafa bændur meira verið með hugann við hjólið en Bjarna?